




Reykjavík 30.03.2020

Reykjavíkurborg  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, íbúaráð Miðborgar og Hlíða  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík



Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 27. mars 2020 varðandi eftirfarandi mál.

#### **Algild hönnun í deiliskipulagi**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lagt fram erindi skrifstofu borgarsjórnar dags. 4. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá fundi 28. janúar 2020 um algilda hönnun í öllu deiliskipulagi borgarinnar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og skrifstofu sviðsstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa og skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. mars 2020..

*Umsögn skipulagsfulltrúa og skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. mars 2020 samþykkt.*

F.h. skipulagsfulltrúa

*Þuríður Guðmundsdóttir*  
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2020.



## Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 25. mars 2020

### Efni: Tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um algilda hönnun í deiliskipulagi borgarinnar.

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. mars 2020 lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 4. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá fundi 28. janúar 2020 um algilda hönnun í öllu deiliskipulagi borgarinnar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.

Tillagan er svohljóðandi:

*„Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir því við umhverfis og skipulagssvið og umhverfis og skipulagsráð að í öllu deiliskipulagi sé liður þar sem algild hönnun og aðgengi fyrir alla sé tekið sérstaklega fyrir. Ef umhverfi er aðgengilegt, nothæft, þægilegt og ánægjulegt í notkun þá græða öll. Þetta er ekki sérstök krafa sem gagnast eingöngu minnihlutahópi í samfélaginu - Þetta er grundvallar eiginleiki góðrar hönnunar á ytra og innra umhverfi.“*

**Svar:** Ýmis ákvæði um aðgengi fyrir alla og algilda hönnun í mannvirkjagerð er að finna í skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 Í e.-lið 1. gr. mannvirkjalaga er tekið t.d. fram að markmið laganna sé að tryggja aðgengi fyrir alla og er sambærilegt ákvæði í e. lið gr. 1.1.1. í byggingarreglugerð.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags og m.a. markmiðum skipulagsreglugerðar. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Í b. lið gr. 5.1.1. í skipulagsreglugerð segir að markmið með gerð deiliskipulags, auk almennta markmiða sé að aðgengi allra að mannvirkjum sé tryggt og að sérstakt tillit sé tekið til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við tilhögun og hönnun mannvirkja og almenningsryma. Þannig gerir reglugerðin ráð fyrir að reglum um aðgengi fyrir alla sé tryggt við hönnun mannvirkja, en ekki er gert ráð fyrir að skilmálar um algilda hönnun séu í deiliskipulagi. Þannig er ekki gert ráð fyrir að lokahönnun mannvirkja m.t.t. til algildrar hönnunar fari fram á skipulagsstigi. Gera þarf þó t.d. grein fyrir t.d. bílastæðum fyrir hreyfihamlaða í deiliskipulagi.

Í byggingarreglugerðinni, kafla 6.1, eru svo settar fram ítarlegar kröfur um gerð og frágang mannvirkja í því skyni að allir hafi aðgang. Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í brúna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvíst og birtuskilyrðum innan og utan húss. Reglum um aðgengi fyrir alla er þannig fylgt eftir við hönnun mannvirkja og en óheimilt er að gefa út byggingarleyfi nema reglum þar að lútandi sé uppfyllt.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Á skrifstofu skipulagsfulltrúa eru aðgengismál ávallt höfð í huga við deiliskipulags- og skilmálagæð, ekki síst við mótun almenningsrýma, svo sem torga. Má í því sambandi benda á nýtt deiliskipulag / umferðarskipulag yfir Hlemmtorg og nágrenni. Þar er mismunandi hæðarlega / halli torgsins nýttur til fullnustu við að auðvelda aðengi hreyfihamlaðra um allt torgrymið. Eins er nýjum byggingum við torgjaðar stallað hlið við hlið í torghallann sem tryggir milliðalaust aðengi allra, einnig hreyfihamlaða, milli bygginga og torgs.

Með vísan til framangreinds er því ekki talin sérstök nauðsyn að setja sérstakan lið í deiliskipulag varðandi algilda hönnun mannvirkja.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson

Ingvar Jón Bates Gíslason